



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

EuroGym fimleikahátíð 2020

Á fundi borgarráðs 17. maí 2018 var samþykkt samkomulag við Fimleikasamband Íslands um að halda EuroGym fimleikahátíð í Reykjavík árið 2020. ÍTR var falið fyrir hönd Reykjavíkurborgar að hafa umsjón með framkvæmd hátíðarinnar.

Fimleikasambandið hefur nú óskað eftir, í ljósi aðstæðna, og beiðni frá UEG (Evrópska fimleikasambandið) að færa EuroGym til ársins 2021 eða 2022.

Fimleikasambandið hefur lagt út í töluverðan kostnað í tengslum við undirbúning og telur gríðarlega mikilvægt að hátíðin verði haldin hér á landi. Efnahagsleg áhrif hátíðarinnar eru umtalsverð eins og komið hefur fram og EuroGym mun eiga stóran þátt í því að styðja við íslenskt atvinnulíf og ferðaþjónustu næsta sumar.

Lagt er til að samkomulag milli Fimleikasambandsins og Reykjavíkurborgar frá 17. maí 2018 færist yfir á næsta ár.

Ómar Einarsson.